

brjefi Sigurðar Guðmundssonar, sbr. áður tilvitnaðar greinir í tilsk. 18. febr. 1847, 25. sept. 1850, og skiptalögum 12. apríl 1878 („þinglýst ágríp“), en krafa áfrýjanda hefur ekki verið þannig tryggð, því að ekkert hefur verið um hana þinglesið fyrir en æðilöngu eptir lát Sigurðar. Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður er því lögum samkvæmur og verður að staðfesta hann. Sem málskostnað á áfrýjandi að greiða hinum stefnda 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Tómas Sigurðsson, greiði hinum stefnda, sýslumanni og skiptaráðanda Franz Siemsen, 15 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. ágústmán.

Nr. 5/1888.

Haraldur Ó. Briem

á Búlandsnesi

gegn

Jóni hreppstjóra Jónssyni

á Borgargarði.

Úrskurður:

Mál þetta var dæmt í aukarjetti Suðurmúlasýslu 20. okt. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi, Haraldur Ó. Briem, skyldi greiða hinum stefnda, Jóni hreppstjóra Jónssyni, 221 kr. 49 aura og 4<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vexti af

Þessari upphæð frá 26. marz 1887 til borgunardags og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur Haraldur Ó. Briem áfrýjað til yfirdómsins með stefnu 3. febr. þ. á., og þar krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar, og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir báðum rjettum með 200 kr. Verði þessi krafa hans ekki tekin til greina, hefur hann beðið um frest til nánari útlistunar á aðalefni málsins. Hins vegar hetur hinn stefndi krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 60 kr., eða eptir mati rjettarins.

Ástæða áfrýjanda fyrir kröfu hans um ómerking dómsins og heimvísun málsins er sú, að héraðsdómurinn hafi vanrækt þá skyldu sína að leiðbeina áfrýjanda. En með því báðir málspartar hafa flutt mál sitt skriflega og málsfærsla áfrýjanda í hjeraði virðist svo vaxin, að ekkert tilefni var fyrir hjeraðsdómurann til þess að leiðbeina honum sjerstaklega, eins og honum heldur ekki eptir atvikum gat borið nein skylda til að innkalla vitni í málinu, verður ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina, en honum veitist vikufrestur til að sækja málið að aðalefninu til.

#### Því úrskurðast:

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda verður ekki tekin til greina, en honum veitist vikufrestur til að sækja málið að aðalefninu til.